

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 2. desember 2020

Mál nr. E-89/2019:

**A**

*(Birna Ketilsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**B**

*(Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður)*

## Dómur

### I

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. nóvember sl., er höfðað af A, kt. 000000-0000, [...], [...], á hendur B, [...], [...].

#### Dómkröfur:

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.358.012 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 470.027 krónum frá 31. janúar 2018 til 28. febrúar 2018, af 871.462 krónum frá þeim degi til 31. mars 2018 og loks af 1.358.012 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti auk álags er nemi virðisaukaskatti af málskostnaði.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Mál þetta var flutt og dómtekið þann 14. september 2020. Vegna veikinda dómara var dómur ekki kveðinn upp innan frests samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og var málið því flutt að nýju þann 27. nóvember sl. og dómtekið að loknum þeim málflutningi.

### II

#### Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Stefnandi starfaði sem flutningabílstjóri hjá stefnda í þrjá mánuði, frá 7. janúar til 23. mars 2018. Meginverkefni stefnanda fólust í akstri með fisk frá eldisstöðvum á Vestfjörðum milli landshluta. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila. Ágreiningslaust er að samið hafi verið um það munnlega að stefnandi skyldi fá 500.000 krónur í útborguð laun mánaðarlega, vinnuframlag stefnanda skyldi vera fimm ferðir á viku og að hver ferð gæti tekið allt að 12 klukkustundir. Liggja fyrir launaseðlar útgefnir af stefnda sem staðfesta þessi umsömdu kjör. Mál þetta er risið af því að stefnandi telur að vinnutími sinn hafi verið miklum mun meiri en um var samið og stefnda beri að greiða honum laun fyrir þann umframtíma. Því er stefndi ósammála og telur sig hafa greitt stefnanda laun fyrir umsamið vinnuframlag.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á ráðningarsamningi aðila og rétti stefnanda til endurgjalds fyrir vinnu sína í þágu stefnda. Þá byggir stefnandi á meginreglu samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Þá byggir stefnandi á því að stefnda hafi borið skylda til að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, sbr. gr. 1.12.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem hafi átt við um kjör stefnanda, en með því ákvæði hafi verið innleidd tilskipun ráðsins nr. 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi. Þar sem það hafi ekki verið gert beri að virða allan vafa um inntak ráðningarsamnings stefnanda honum í hag.

Þá byggir stefnandi á því að krafa hans sé um lágmarkskjör samkvæmt nefndum kjarasamningi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Stefnandi kveðst sjálfur hafa haldið utan um vinnutíma sinn, engin stimpilklukka hafi verið á staðnum en honum uppálagt að halda utan um vinnutíma sinn. Samkvæmt tímskráningu hans hafi vinnutími hans verið mun lengri en hann fékk greitt fyrir. Akstursskýrslur sem sýni lengri akstursferðir stefnanda endurspegli ekki allt vinnuframlag hans sem stefnda beri að greiða fyrir. Sem dæmi um það vísar stefnandi til þess að honum hafi verið skylt skv. 8. gr. reglugerðar nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit að gera hlé á akstri í að minnsta kosti 45 mínútur eftir akstur í 4 og hálf klukkustund, nema við upphaf hvíldartíma. Á þeim hvíldartíma hafi stefnandi engu að síður verið í vinnu. Þá kveður stefnandi ökumenn oft þurfa að bíða eftir að geta losað og lestað ökutæki en séu þá sannarlega í vinnunni. Þá verði og að líta til þess að akstur yfir vetrarmánuði taki mögulega lengri tíma en endranær vegna veðurs.

Um útreikninga á dómkröfu stefnanda vísar stefnandi til útreikninga Verkalýðsfélags Vestfirðinga, sem miði við þær forsendur að stefnandi hafi haft 500.000 krónur í nettó mánaðarlaun eins og um hafi verið samið. Í útreikningum félagsins sé við það miðað að

dagvinnutímabilið sé 40 stundir á viku eða 173,33 tímar á mánuði, sbr. ákvæði 2.1 í kjarasamningi. Þá sé miðað við að vinna sem fellur til eftir það sé yfirvinna, sbr. kafla 2.2 í kjarasamningi, en samkvæmt gr. 2.2.1 hefjist samningsbundin yfirvinna þegar umsaminni dagvinnu, 7 klst., og 25 virkum vinnustundum á tímabilinu kl. 07:00-17:00 mánudaga til föstudaga, sé lokið. Samkvæmt gr. 2.2.2 í kjarasamningnum skuli þá greiða yfirvinnukaup fyrir vinnu unna á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum frídögum. Samkvæmt þeim tímaskýrslum sem stefnandi hélt liggi fyrir að stefnandi hafi unnið yfirvinnu á virkum dögum sem og um helgar en hann hafi ekki fengið greitt í samræmi við það líkt og launaseðlar hans beri með sér og því sé gerð krafa um leiðréttingu á því.

Kröfu sína um uppgjör hvíldartíma byggir stefnandi á gr. 17.9 í kjarasamningi, en samkvæmt því skuli að jafnaði haga vinnutíma þannig að starfsmaður fái a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld á sólarhring. Gerir stefnandi kröfu um greiðslu dagvinnulauna fyrir þann tíma sem hann kveður lágmarkshvíld hafa verið skertar á vinnutíma sínum þannig að sá skerti hvíldartími sé margfaldaður með 1,5 og honum greidd dagvinnulaun fyrir þann tíma sem þannig fæst. Kveður stefnandi hvíldartíma sinn hafa verið skertan um 32 stundir í janúar 2018, 26 stundir í febrúar 2018 og 37 klukkustundir í mars 2018.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni til lækkunar þar sem forsendur útreikninga á tímakaupi hefðu verið rangar. Láðst hefði að draga lífeyrisiðgjöld frá skattstofni en að því virtu skyldu dagvinnulaun stefnanda vera 2.065 krónur en ekki 2.117 krónur og yfirvinnukaup 3.714 krónur en ekki 3.811 krónur. Að þessu virtu hefði krafa stefnanda lækkað um 74.407 krónur frá upphaflegri kröfugerð.

Sundurliðun dómkröfu stefnanda er eftirfarandi:

Laun í janúar dagvinna 137 x kr. 2.065	kr.	282.905
Laun í janúar yfirvinna 112 x kr. 3717	kr.	416.304
Skerðing á hvíld 32 x 1,5 x kr. 2.065	kr.	99.120
Orlof 10,17%	<u>kr.</u>	<u>81.190</u>
Samtals janúar	kr.	879.519
Greitt í janúar	<u>kr.</u>	<u>-409.492</u>
Mismunur	kr.	470.027
Laun í febrúar dagvinna 156 x kr. 2.065	kr.	322.140
Laun í febrúar yfirvinna 142 x kr. 3.717	kr.	527.814
Skerðing á hvíld 26 x 1,5 x 2.065	kr.	80.535
Orlof 10,17 %	<u>kr.</u>	<u>94.631</u>
Samtals	kr.	1.025.120
Greitt í febrúar	<u>kr.</u>	<u>-623.685</u>
Mismunur	kr.	401.434
Laun í mars dagvinna 130 x kr. 2.065	kr.	268.450

Laun í mars yfirvinna 149 x kr. 3.717	kr.	553.833
Skerðing á hvíld 37 x 1,5 x 2.065	kr.	114.608
Orlof 10,17%	<u>kr.</u>	<u>95.282</u>
Samtals	kr.	1.032.172
Greitt í mars	<u>kr.</u>	<u>-545.622</u>
Mismunur	kr.	486.550
Heildarkrafa höfuðstóll	kr.	<b>1.358.012</b>

### Málsástæður stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því aðallega að hann standi ekki í skuld við stefnanda. Tímaskráningum stefnanda mótmælir hann í heild sinni sem röngum og ósönnuðum eftiráskýringum. Ekkert samræmi sé í skráningum stefnanda á vinnudögum og öðrum gögnum málsins. Samkvæmt tímaskráningu stefnanda hafi hann unnið í 17 daga í janúar 2018, en samkvæmt akstursdagbók sem stefnandi færði hafi hann unnið í 12 daga þann mánuð. Í febrúar kveðist stefnandi hafa unnið í 23 daga en samkvæmt akstursbók 15 daga og 18 daga alls ef litið er til skráningar á fyrirtækið C. Ef horft sé á tímaskráningar stefnanda fyrir marsmánuð 2018 hafi hann unnið í 18 daga samkvæmt eigin skráningu, en samkvæmt akstursbók í 6 daga og samkvæmt skráningu fyrir C í 15 daga. Að þessu virtu muni 25 vinnudögum á skráningu stefnanda sjálfs á vinnutíma sínum, annars vegar tímaskráningu og hins vegar akstursbók. Þá hafi stefnandi skráð 12 daga í vinnu fyrir C umfram það sem unnið var fyrir það fyrirtæki á starfstíma stefnanda.

Lögum samkvæmt hafi stefnanda borið að skrá í akstursbók allan akstur sinn. Einhliða unnið skjal frá stefnanda um frekari vinnutíma en fram kemur í gögnum um akstur fyrir C og akstursbók sé því haldlaust gagn. Þá sé það ekki trúverðugt að stefnandi hafi ávallt hafið og lokið vinnudegi á heila tímanum. Fyrrgreindur mismunur á skráningu sé óútskýrður af hálfu stefnanda og verði því ekki á tímaskráningu hans byggt.

Þá byggir stefndi á því að aðilar málsins hafi gert með sér samkomulag um heildarlaun fyrir tiltekið vinnuframlag. Stefnandi skyldi fá 500.000 krónur útborgaðar mánaðarlega fyrir starfið, sem var að aka með eldisfisk vegna viðskiptavinar stefnda, C, til höfuðborgarsvæðisins ásamt stöku ferðum til Keflavíkurflugvallar, Þorlákshafnar, Akraness og Borgarness. Um verkefnamiðað starf hafi verið að ræða, um það bil 5 ferðir á viku, allt að 12 klukkustundir í senn og launin heildarlaun fyrir það vinnuframlag. Stefnandi hafi ekki gert neinar athugasemdir við útborguð laun sín og stefnda ekki verið kunnugt um meinta samtímaskráningu stefnanda á vinnutíma fyrr en með innheimtubræfi, dagsettu 22. október 2018, rúmu hálfu ári eftir starfslok stefnanda. Stefnandi hafi því glatað rétti sínum til að hafa uppi kröfu um vangoldin laun sakir tómlætis.

Fullyrðingum stefnanda um langa bið eftir losun á bifreið er mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Hvorki séu tilteknir sérstakir dagar eða tilfelli í því samhengi. Ef slíkt kæmi upp hefði verið eðlilegt að láta fyrirsvarsmann stefnda vita þannig að unnt væri að

bregðast við og koma í veg fyrir að slíkt kæmi aftur upp. Fyrirsvarsmaður stefnda hafi verið grandlaus um slíkar aðstæður, og því engu slíku til að dreifa.

Fullyrðingum stefnanda um að aðeins eigi að skrá lengri ferðir í akstursbækur er mótmælt með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald en samkvæmt því ber að skrá allan akstur og stöðu ökumælis í hvert sinn sem ekið er. Þá hvíli skylda á eiganda og umráðamanni ökutækis að skrá allan akstur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 627/2005. Akstursbækur sem stefnandi hélt, að boði stefnda, sýni þær vegalengdir sem stefnandi ók í janúar, febrúar og mars og kvittaði fyrir. Þá skráningu hafi stefnandi sjálfur skráð á þeim tíma sem um ræðir. Það séu einu samtímagögnin sem liggi fyrir í málinu. Stefnandi hafi átt að skrá rétt í þær akstursbækur.

Þá byggir stefndi á því að reglur um hvíldartíma bílstjóra er kveði á um 45 mínútna hvíld eftir 4,5 klukkustunda samfelldan akstur lengi vissulega vinnutíma þeirra, en ráð sé gert fyrir þeim tíma í skipulagi aksturs ökumanna stefnda. Þessi hvíldartími skýri því ekki þann tímafjölda sem kröfugerð stefnanda byggist á.

Þá hafi stefnandi ekki fært fram sönnur fyrir því að veður og færð hafi verið með þeim hætti að vinnutími hans hafi dregist úr hófi vegna þess. Loks byggir stefndi á því að stefnandi hafi aldrei hreyft athugasemdum við launagreiðslur sínar.

Kröfu um greiðslu vegna skerts hvíldartíma kveðst stefndi mótmæla sérstaklega. Stefnandi hafi sjálfur borið ábyrgð á því að virða hann, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 605/2010, auk þess sem ákvæði 17. 9 tilvitnaðs kjarasamnings sé skýrt um það að vinnuveitandi þurfi að óska eftir því við starfsmann að hann hefji störf áður en 11 klukkustunda hvíld er náð til þess að réttur til uppbótarhvíldar rakni við. Það hafi stefndi ekki gert og engin sönnun færð fram um það af hálfu stefnanda.

Stefndi mótmælir útreikningum stéttarfélagsins sem röngum, þar sem forsendur þeirra séu rangar. Samið hafi verið um heildarlaun sem hefðu falið í sér yfirvinnu en ekki um sérstakt dagvinnu- eða yfirvinnuviðmið. Ef sú hefði verið raunin hefði fremur átt að miða við kauptaxta hópbifreiðastjóra á þessum tíma sem var miklum mun lægri en taxti kröfugerðar stefnanda miðist við.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu sem og fyrirsvarsmaður stefnda, D, E og Bergvin Eyþórsson, starfsmaður Vlf. Vestfirðinga.

### **Niðurstaða**

Ágreiningur málsaðila lýtur að því aðallega hvort stefnandi hafi innt af hendi frekari vinnu en um var samið í upphafi með munnlegum hætti og sem stefnda beri að greiða fyrir. Til sönnunar því vinnuframlagi hefur stefnandi lagt fram tölvupóst til starfsmanns Verkalýðsfélags Vestfirðinga, dags. 17. apríl 2018. Þar er um að ræða yfirlit eða samantekt stefnanda á vinnu sinni á tímabilinu frá 7. janúar til 23. mars 2018. Byggist

kröfugerð stefnanda í málinu á þessari skráningu hans. Í skýrslu sem stefnandi gaf fyrir dómi kvað hann umrædda tímaskráningu hafa verið grófa skráningu, sem hann hefði haft fyrir sig og því hefði hann skráð vinnu sína þar á heilum tímum til að halda nokkurn veginn utan um vinnu sína. Kvaðst stefnandi einnig hafa fært inn á skjalið vinnu sína við þrif á bílum og fulla 8 tíma í dagvinnu á virkum dögum, hvort sem hann var á akstri í þágu stefnda eða ekki, þar sem hann hefði litið svo á að hann hefði verið í vinnu. Þá kvaðst stefnandi einu sinni hafa kvartað undan vinnuálagi við stefnda og kvaðst ekki hafa greint stefnda frá því ef hann hefði ekki náð lágmarkshvöld á ferðum sínum. Stefnandi kvað vinnutíma sinn iðulega hafa verið lengri en sjálfur aksturinn milli staða, þar væri um að ræða margvíslega vinnu í tengslum við ferðirnar, lestun og losun auk þess sem veður og færð kynni að hafa haft áhrif á akurstíma milli staða. Engin frekari sönnunargögn hafa verið færð fram er sýni fram á fullyrðingar stefnanda önnur en fyrrgreindur tölvupóstur.

Stefndi hefur mótmælt þessari tímaskráningu sem rangri auk þess sem hún stangist á við önnur gögn málsins um vinnutíma stefnanda, sem stefnandi hafi sjálfur skilað stefnda. Þá kveðst stefndi ekki hafa séð þessa tímaskráningu fyrr en með bréfi stéttarfélags stefnanda 22. október 2018, sem er meðal gagna málsins. Gegn mótmælum fyrirsvarsmanns stefnda ber stefnandi samkvæmt almennum reglum sönnunarbyrði fyrir því að vinnutími hans hafi verið sá sem hann heldur fram og krafa hans byggist á. Með vísan til ofanritaðs er það mat dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að færa fram sönnun fyrir því að vinnuframlag hans hafi verið meira en það sem hann fékk greitt fyrir og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eins og greinir í dómsorði.

Bergþóra Ingólfssdóttir dómstjóri kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, B, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Stefnandi greiði stefnda 700.000 krónur í málskostnað.

Bergþóra Ingólfssdóttir